

Menningarmót í 2.bekk í Fellaskóla

Heimsókn og kynning frá Kristínu.

Nemendur og kennarar lásu söguna „ Aladdín og töfralampinn“ saman.

Nemendur útbjuggu hugtakakort (sólarkort) af sér og hugmyndum sínum.

Nemendur fóru með bréf heim á íslensku og ensku og einnig var sendur tölvupóstur.

Sagan „Aladdín og töfralampinn“ var unnin í Byrjendalæsi á mjög fjölbreyttan hátt. t.d lykilorð,ritun,paralestur, svöruðu spurningum úr sögunni, orðasúpa, setningarpúsl, sóknarskrift og fleira.

Nemendur bjuggu til sitt eigið töfrateppi og gerðu klippimyndir(efni) úr söguþræðinum.

Nemendur skrifuðu þrjár óskir ef þau ættu töfralampa eða skrifuðu hvert þau vildu ferðast ef þau ættu töfrateppi.

Kennarar sýndu nemendum myndir, video og fleira frá menningarmótum úr Fellaskóla og af netinu. Einnig ræddu kennarar um hvaða hluti væri gott að koma með og börnin byrjuðu að koma með hluti strax á mánudeginum. Þannig var hægt að sjá hvort bæta mætti við og fá hugmyndir frá öðrum.

Nemendur gerðu plakat(A3) sem þau skreyttu og settu nafn sitt og t.d. fána frá sínu landi. Plakatið var notað sem undirlag á sýningarborðið.

Nemendur útbjuggu boðskort þar sem þau buðu foreldrum að mæta og einnig var vinabekk(7.bekkur) boðið sérstaklega. Öðrum nemendum og kennurum skólans var frjálst að koma.

Menningarmótið var haldið á föstudegi frá 8:20-10:00.

Menningarmótið var opnað með sýningu á sal. Fyrst var hringdansinn og kynning frá Kristínu síðan tók einn nemandi við og bauð gesti velkomna og var jafnfram kynnir. Allir þrír bekkirnir sungu saman í keðjusöng lagið „Sá ég Spóa“ . Síðan var hver bekkur með eitt atriði.

Einn nemandi kom með heimagert myndband frá heimalandi móður sinnar Angola og var það sýnt.

Síðan fóru nemendur, kennarar og foreldrar inn í heimastofur þar sem þau kynntu sig og sína menningu. Nemendur og foreldrar fóru á milli allra bekkja.

Að okkar mati tókst þetta menningarmót vel í alla staði. Það var bæði lifandi, skemmtilegt og fjölbreytt sem dæmi má nefna að nemendur komu með mjög áhugaverða hluti sem og saltfiskrétt til að smakka, þjóðbúninga, fána, minjagripi, myndir og fleira.

Kveðja,

Kristín, Stella og Þórdís